



ÍSLENSK MÁLNEFND

Alþingi
Erindi nr. P 127/590
komudagur 11.01.2002

Nefndasvið Alþingis
menntamálanefnd, b.t. Einars Farestveits
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

11. janúar 2002

**Efni: Umsögn um frumvarp til útvarpslaga, 138. mál, stofnun
hlutafélags um rekstur Ríkisútvarpsins o.fl.**

Vísað er til bréfs menntamálanefndar til Íslenskrar málnefndar, dags. 6. desember 2001, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, þskj. 138, 127. löggjafarþing 2001-2002, flm. Pétur H. Blöndal.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sérstök lög um Ríkisútvarpið verði afnumin en nánar tilgreind ákvæði þeirra verði tekin inn í útvarpslög nr. 53/2000. Í greininni um „skyldur útvarpsráðs“ segir m.a.: „Lögð skal sérstök rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.“ Sama ákvæði er í núgildandi lögum um Ríkisútvarpið. Í ljósi þessa (og að því gefnu að stjórnendur Ríkisútvarpsins hf. taki greinina alvarlega!) er varla ástæða til að óttast að verr yrði gert við íslenskuna í Ríkisútvarpinu sem hlutafélagi en gert er nú.

Í núverandi lögum um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, er þetta ákvæði, í 3. gr.: „Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal Ríkisútvarpið - sjónvarp, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalaus íslensku máli.“

Í frumvarpinu er lagt til að lögin um Ríkisútvarpið falli úr gildi. Í stað framangreinds ákvæðis myndu því gilda um þetta efni ákvæði útvarpslaga, nr. 53/2000, en þar segir í 8. gr.: „Tal og texti á íslensku. Efni á erlendu máli, sem sýnt er á sjónvarpsstöð, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti



ÍSLENSK MÁLNEFND

Nefndasvið Alþingis
menntamálanefnd, b.t. Einars Farestveits
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

11. janúar 2002

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rekstur Ríkisútvarpsins,
7. mál**

Vísað er til bréfs menntamálanefndar til Íslenskrar málnefndar, dags. 6. desember 2001, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um rekstur Ríkisútvarpsins, þskj. 7, 127. löggjafarþing 2001-2002, flm. Sverrir Hermannsson.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er áréttað að Ríkisútvarpið sé stöð íslenskrar tungu og menningar. Tillagan virðist engan veginn raska því.

Virðingarfyllt

ÍSLENSK MÁLNEFND

Guðrún Kvaran